

## SAMÞYKKT

### um breytingu á samþykkt um stjórn Seltjarnarnesbæjar, nr. 831/2013.

1. gr.

Eftirfarandi breyting verður á C-lið 56. gr. samþykktarinnar:  
Töluliðir 1 og 9 falla brott og aðrir töluliðir breytast í samræmi við það.

2. gr.

Eftirfarandi breyting verður á D-lið 56. gr. samþykktarinnar:  
Töluliður 9 orðast svo:

*Öldungaráð.* Þrír fulltrúar kosnir af sveitarstjórn, þrír fulltrúar tilnefndir af félagi eldri borgara og einn fulltrúi frá heilsugæslu og jafnmargir til vara, sbr. 2. mgr. 38. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum, með hliðsjón af 8. gr. laga nr. 125/1999, um málefni aldraðra, með síðari breytingum. Kjörtímabil ráðsins er hið sama og bæjarstjórnar.

3. gr.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Seltjarnarnesbæjar hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 21. júní 2019.*

F. h. r.

**Hermann Sæmundsson.**

\_\_\_\_\_  
*Stefanía Traustadóttir.*